

06. maí 2015

Skipulagsstofnun
Laugavegi 166
150 Reykjavík



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík 5. maí 2015
UST201504-110/B.S.

Efni: Mat á umhverfisáhrifum - Hálandismiðstöð – Kerlingarfjöllum. Umsögn

Vísað er til bréfs Skipulagsstofnunar dags. 16. apríl sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um hvort og á hvaða forsendum ofangreind framkvæmd skuli háð mati á umhverfisáhrifum.

Fyrirhugað er að reisa nýja „Aðalbyggingu“ og gistiálmur í fjórum áföngum á svæði sem kallast Ásgarður. Þar er gert ráð fyrir að unnt verði að hýsa allt að 342 gesti. Einnig er ráðgert að ráðast í framkvæmdir við tjaldsvæði og fráveitu.

Í greinargerð kemur fram að ekki hefur enn verið unnin þolmarkagreining fyrir Kerlingarfjallasvæðið. Umhverfisstofnun telur afar brýnt að ráðist verði í slíka greiningu þannig að unnt verði að haga uppbyggingu innviða í samræmi við aukið álag sem væntanlega mun fylgja fjölgun ferðamanna á svæðinu. Með slíkum vinnubrögðum ætti að vera unnt að fyrirbyggja að svæðinu verði spillt vegna ágangs.

Umhverfisstofnun vill benda á að á svæðinu í dag er mjög áberandi mikill fjöldi smáhýsa sem byggð hafa verið víða á og við fyrirhuguð framkvæmdasvæði. Umhverfisstofnun telur að reyna eigi að fækka þessum byggingum eins og kostur er sérstaklega næst fyrirhuguðum nýbyggingum þannig að meira samræmi verði í ásýnd svæðisins. Sumar þessara bygginga hafa án efa ákveðið gildi fyrir þá sem hafa gist þarna á umliðnum árum, en vandséð er að mati Umhverfisstofnunar að ásýnd svæðisins batni við sambyli fjölda smáhýsa og stórra nútímalegra bygginga.

Umhverfisstofnun telur umfjöllun um fráveitu mjög góða í greinargerð. Þar kemur fram að erfitt geti verið að tryggja virkni rotþróa á svæðinu og að ráðgert sé að leggja tvöfalt fráveitukerfi þar sem grávatn verður aðskilið frá fráveitu salerna.


Umhverfisstofnun vill benda á að ef ekki verður um eiginlega skólphreinsun á svæðinu að ræða ætti frekar að nota safntanka í stað óvirkra rotþróa.

Eins og fram kemur í greinargerð hefur ferðaþjónusta verið rekin í Kerlingarfjöllum í 50 ár. Mannvirki á svæðinu bera þess merki að hafa verið reist á löngum tíma, enda eru þau alldreif og nokkuð sundurleit. Umhverfisstofnun telur að við uppbyggingu á svæðinu eigi frekar að líta til ásýndar svæðisins og mannvirkja sem eina heild í stað þess að ætla ólíkum byggingu að standa þétt saman. Fram kemur í greinargerð að nokkur áhersla hefur verið lögð í uppbyggingu innviða í samræmi við breyttar áherslur ferðamanna sem heimsækja svæðið, en nú er frekar um að ræða heimsóknir að sumarlagi þegar land er snjólaust í stað skíðaferða eins og við upphaf rekstrar í Kerlingarfjöllum.

Umhverfisstofnun telur mjög mikilvægt að þolmarkagreining á svæðinu fari fram þannig að fjölgun gistirýma haldist í hendur við uppbyggingu innviða svæðisins.

Umhverfisstofnun telur að ef uppbygging í Kerlingarfjöllum helst í hendur við styrkingu og gæði innviða þannig að álag á umhverfið aukist ekki þótt ferðamönnum fjölgi á svæðinu muni framkvæmdin ekki hafa umtalsverð umhverfisáhrif í för með sér. Þótt uppbygging fari fram á núverandi lóðum er full ástæða til að ítreka að reynt verði að bæta ásýnd svæðisins með því að fækka mannvirkjum á svæðinu eins og kostur er þannig að nýbyggingar og náttúrufegurð svæðisins sem heild fái notið sín sem best.

Virðingarfyllst


Björn Stefánsson
Sérfræðingur


Aðalbjörg Birna Guttormsdóttir
Teymistjóri